

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-6/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings í tengslum við margmiðlunarspilara, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kr. 10.000.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 4. febrúar. Með bréfi, dags. 12. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 26. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 25. janúar 2014 keypti álitsbeiðandi margmiðlunarspilara af gerðinni AC RYAN VELO af seljanda fyrir kr. 9.995. Átti spilarinn að kosta kr. 19.995, en var seldur á tilboði. Í lok nóvember 2014 bilaði spilarinn. Fór álitsbeiðandi með spilarann til seljanda sem mat hann ónýtan. Óskaði álitsbeiðandi eftir því að seljandi afhenti sér annan samskonar spilara, en hafnaði seljandi því á þeim forsendum að hann seldi ekki lengur umræddan spilara. Fékk álitsbeiðandi því afhenta inneignarnótu að fjárhæð kr. 9.995 í stað nýs spilara. Keypti álitsbeiðandi í kjölfarið annan margmiðlunarspilara af gerðinni XTREAMER WONDER AIO hinn 6. desember af seljanda fyrir kr. 19.995. Átti sá spilari að sögn álitsbeiðanda að kosta um kr. 24.000, en segist álitsbeiðandi hafa fengið afslátt. Greiddi álitsbeiðandi því í raun kr. 10.000 fyrir umræddan spilara. Fer álitsbeiðandi fram á að seljandi endurgreiði sér kr. 10.000. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittunum fyrir kaupum á umræddum spilurum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af þjónustustjóra seljanda, kemur fram að álitsbeiðanda hafi verið boðin endurgreiðsla eða inneignarnóta fyrir hinn bilaða spilara, þar sem sambærilegur spilari hafi ekki verið til hjá seljanda. Vísar seljandi máli sínu tilstuðnings til 29. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Telur seljandi sig vera í fullum rétti til að endurgreiða vöruna, þ.e. bjóða fram úrbætur, þar sem sambærileg vara sé ekki til. Varan sem álitsbeiðandi hafi óskað eftir sé mun fullkonnari og betri vara með fleiri eiginleika og þar að auki dýrari. Komið hafi verið til móts við álitsbeiðanda með því að bjóða honum afslátt af dýrari spilara.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Greinir aðila málsins því ekki á um að margmiðlunarspilari sá er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 25. janúar 2014 hafi verið haldinn galla, heldur hvort seljanda hafi verið skylt að afhenda álitsbeiðanda nýjan spilara, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, þrátt fyrir að kaupverð þess spilara hafi verið hærra en spilarans sem álitsbeiðandi keypti 25. janúar 2014, en seljandi var þá hættur að selja slíka spilara í verslunum sínum.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Í máli þessu krafðist álitsbeiðandi nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. laganna þegar ljóst var í nóvember sl. að margmiðlunarspilarinn sem hann keypti í janúar 2014 var ónýtur. Í skýringum við 29. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

„Skylda seljanda til nýrrar afhendingar felur í sér skyldu seljanda til að afhenda nýjan hlut sem samsvarar söluhlut.“

Með tilliti til þessarar skýringar er það álit kærunefndarinnar að framangreinda lagagrein eigi að skýra svo að skylda seljanda til þess að afhenda nýjan söluhlut sé áfram fyrir hendi þótt ekki sé unnt að afhenda nákvæmlega sams konar hlut og neytandi hefur keypt á sínum tíma heldur náí þessi skylda einnig til þess að afhenda sambærilegan söluhlut að gæðum og þann keyptur var. Sé það hins vegar ómögulegt eða hefur ósanngjarnan kostnað í för með sér fyrir seljanda á neytandinn rétt á því að fá greiddar bætur fyrir það tjón sem hann verður fyrir af þeim sökum. Sem fyrr greinir neitaði seljandi álitsbeiðanda um nýja afhendingu og fékk álitsbeiðandi þess í stað inneignarnótu fyrir kaupverði spilarans. Telur seljandi sig hafa verið í fullum rétti við að haga lausn málsins með þessu hætti þar sem sambærileg vara hafi ekki verið til. Þessu mati seljanda er kærunefndin ósammála. Er sá spilarari sem álitsbeiðandi keypti í stað hins gallaða spilara að flestu leyti sambærilegur honum, þrátt fyrir að munur hafi verið á kaupverði spilaranna, þ.e. kr. 10.000. Telur kærunefndin því að ekki verði hægt að fallast á það með seljanda að honum hafi verið rétt skv. lögum að endurgreiða álitsbeiðanda spilarann, eða láta honum í té inneignarnótu, nema fallist væri á að ný afhending sambærilegs söluhlutar fæli í sér „ósanngjarnan kostnað“ fyrir hann, í skilningi 1. mgr. 29. gr. laganna. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi um þetta atriði:

„Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar á réttur neytanda til úrbóta eða nýrrar afhendingar ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða ef úrbætur eða ný afhending hafa í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Í 11. lið í formála tilskipunar um neytendakaup er kveðið á um að meta beri hlutlægt hvort krafa um úrbætur eða nýja afhendingu sé óhófleg. Er þar að finna þá leiðbeiningarreglu að úrræði teljist óhóflegt ef það felur í sér ósanngjarnan kostnað í samanburði við önnur úrræði, þ.e. ef kostnaður við

úrræðið er verulega hærra en við önnur úrræði. Ef seljandi ber slíkt fyrir sig, hvílir jafnframt á honum skylda til að sýna fram á að fyrir hendi séu þessi skilyrði ákvæðisins til undanþágu frá skyldu hans til úrbóta eða nýrrar afhendingar [...]"

Sem fyrr greinir var munur á kaupverði margmiðlunarspilaranna kr. 10.000. Í framanröktum skýringum við 1. mgr. 29. gr. kemur m.a. fram að beri seljandi það fyrir sig að ný afhending hefði í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir hann, hvíli jafnframt á honum sýna að sýna fram á að fyrir hendi séu skilyrði ákvæðisins til undanþágu frá skyldu hans til nýrrar afhendingar. Í málinu liggur fyrir að spilarinn sem álitsbeiðandi keypti upphaflega og reyndist gallaður var seldur með afslætti, en upphaflegt söluverð hans var kr. 19.995. Eins liggur fyrir að hinn nýi spilarinn átti að kosta kr. 24.995, en var seldur á 19.995. Að teknu tilliti til þessa er það mat kærnefndarinnar að seljandi hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu skilyrði ákvæðis 1. mgr. 29. gr. laga til undanþágu frá skyldu seljanda til nýrrar afhendingar. Ber því að fallast á kröfu álitsbeiðanda um að seljandi endurgreiði honum kr. 10.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 10.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir